

Veigar Elí Grétarsson, 040303-2190
Fífulind 9, 201 Kópavogur
veigareli@gmail.com, 849-8244

Efni: Umsókn um fullt starf

Góðan dag,

Ég sæk hér með um fullt starf. Ég lauk BS í **hugbúnaðarverkfræði** við **Háskólann í Reykjavík** vorið 2025 og leita að starfi þar sem reynsla mín af gagnalausnum, full-stack þróun og sjálfvirknivæðingu ferla nýtist.

Síðastliðið sumar starfaði ég hjá **Marel** sem **hugbúnaðarsérfræðingur**. Ég hannaði og innleiddi sjálfvirka gagnaúrvinnsluferla í Databricks með medallion-arkitektúr. Til þess notaði ég meðal annars PySpark/Spark, Delta Lake og Python. Ég setti upp CI/CD í Azure DevOps, vann eftir Scrum, og tryggði kóðagæði með kóðagreiningum (SonarQube) og unit prófunum.

Í **lokaverkefni** mínu hjá **Defend Iceland** þróaði ég sjálfvirkt kerfi til greiningar á stafrænum árásarflötum fyrirtækja og stofnana. Ég hannaði gagnagrunn og tengdi hann við framenda með REST-þjónustum. Bakendinn keyrði skannanir með Nmap, Masscan, Nuclei og fleiri tólum og aðferðum til að skanna netfótspor fyrirtækja og stofnana. Fram- og bakendi keyrðu á Docker-umhverfi. CI/CD sá um unit- og end-to-end prófanir og sjálfvirka innleiðingu milli umhverfa.

Sem **gagnasérfræðingur** hjá **Seðlabanka Íslands** setti ég upp og birti gagnasett. Ég bjó til sjálfvirka ferla sem gæðaprófuðu gögn með z-prófum, staðalfráviksprófum o.fl. Ég notaði Python, SQL, REST API og byggði notendaviðmót í React til að bæta aðgengi og rekjanleika gagna, og til að sýna niðurstöður gæðaprófanna á notendavænan hátt.

Sem **kennari** við **Háskólann í Reykjavík** sá ég um dæmatíma í gagnaskipan og línulegri algebru. Mín helstu verkefni voru að fara yfir og útskýra dæmi í vikuskömmum annars vegar og hins vegar að svara almennum spurningum um námsefnið, verkefni og próf.

Auk starfsreynslu hef ég mikinn áhuga á forritun almennt og stunda hana einnig í frítíma mínum. Ég hýsi mína eigin persónulegu vefsíðu <https://veigareli.com>, þar sem ég sýni verkefni sem ég hef hannað og þróað sjálfur.

Mér væri ánægja að geta kynnt mig persónulega og fá að gera betur grein fyrir menntun minni og reynslu í starfsviðtali. Ég vonast eftir að þið sjáið ykkur fært að taka á móti mér í viðtal eða hafið samband við mig á annan hátt.

Með von um jákvæð viðbrögð

Veigar Elí Grétarsson